





Fækkun gistinátta skýrist af fækkun kínverskra ferðamanna vegna Covid-19

Gistinætur erlendra ferðamanna á hótélum í febrúar námu um 597 þúsund og fækkaði um 6,9% milli ára. Þetta er í fyrsta sinn síðan í febrúarmánuði fyrir ári að gistinóttum erlendra ferðamanna á hótélum fækkar milli ára. Skýringin á fækkuninni liggur fyrst og fremst í mikilli fækkun gistinátta Kínverja. Gistinóttum þeirra fækkaði um 17.400 milli ára eða um ríflega helming. Þennan samdrátt má fyrst og fremst rekja til þess að ferðatakmarkanir vegna COVID-19 faraldursins höfðu þegar verið settar upp í Kína í febrúar. Sem dæmi um mikil áhrif fækkunar gistinátta Kínverja hefði mælst fjölgun heildargistinátta upp á 0,9% ef ekki hefði komið til nein breyting í gistináttafjölda Kínverja milli ára. Kínverjar hafa verið þeir ferðamenn sem fjölgað hefur hvað hraðast hér á landi hlutfallslega séð á síðustu árum en það mun snúast við á næstu mánuðum rétt eins og með ferðamenn annarra þjóða.

Aukin fjölgun gistinátta Íslendinga kann að milda höggið eitthvað

Næstmesta fækkun gistinátta var hjá Bretum en þeim fækkaði um 8.900 eða 8,5%. Þriðja mesta fækkunin var síðan hjá Bandaríkjamönnum, 1.300 eða 2%. Mesta fjölgunin var hjá Þjóðverjum, 4.500 eða 23,7%. Næstmesta fjölgunin var hjá Frökkum, 3.900 eða 28,2%. Sé litið hins vegar til allra þjóða var fjölgunin mest í gistinóttum Íslendinga. Þeim fjölgaði um 7.700 eða 25,6%. Þetta var annar mánuðurinn í röð þar sem gistinóttum Íslendinga fjölga hlutfallslega hratt milli ára en fjölgunin var 27,5% í janúar. Vegna takmarkana á ferðalögum og hvata ríkisstjórnarinnar til aukinna ferðalaga Íslendinga innanlands myndi fjölgun gistinátta Íslendinga á hótélum milda að einhverju leyti það högg sem ferðapjónustan mun fá vegna ferðatakmarkana útlendinga hingað til lands. Sé litið til heildargistinátta bæði erlendra ferðamanna og Íslendinga fækkaði þeim um 4,1% í febrúar. Ef ekki hefði komið til nein fjölgun gistinátta Íslendinga hefði fækkun gistinátta reynst vera 6,3%.





Mesta fækkunin á Suðurlandi

Sé litið til einstakra svæða landsins var mesta fækkunin nú í febrúar hlutfallslega séð á Suðurlandi en þar dróst fjöldi gistinguáttanna saman um 18,1% miðað við sama tímabil í fyrra. Næstmest var fækkunin á Norðurlandi, 13,4% og þriðja mest á Suðurnesjum, 11,8%. Mesta fjölgunin reyndist vera á Austurlandi, 8,1% en eitt annað svæði var einnig með fjölgun. Það var höfuðborgarsvæðið en þar fjölgaði gistinguáttum um 1,6% milli ára.

Segja má að þróunin í febrúarmánuð hafi skorið sig nokkuð frá þróuninni síðustu misseri á nokkrum svæðum. Eftir töluvert mikla fjölgun allt frá í júní á síðasta ári þar sem fjölgunin lá á bilinu 10,7-40,1% var þetta fyrsti mánuðurinn síðan í desember 2018 þar sem fækkun gistinguáttanna mælist á Suðurnesjum. Fækkunin á Suðurlandi var sú fyrsta síðan í júní á síðasta ári.


Metfækkun í gistinguáttum í Airbnb

Sé litið til gistinguáttanna erlendra ferðamanna eftir eðli gististaða sést að mjög mikið hefur dregið úr gistinguáttum í heimagistingu s.s. Airbnb. Þannig fækkaði gistinguáttum erlendra ferðamanna í Airbnb um 43,2% nú í febrúar og er það mesta fækkun gistinguáttanna í Airbnb frá því byrjað var að halda utan um þessar tölur. Mjög mikil fækkun var einnig í janúar eða 41,3% en nokkuð minni fækkun í desember eða 25,6%. Á síðasta ári fækkaði gistinguáttum erlendra ferðamanna í Airbnb um 11,1% og hefur hlutdeild Airbnb á gistinguáttamarkaðnum hér á landi því verið að gefa töluvert eftir. Gistinguáttum erlendra ferðamanna á gistiheimilum fækkaði um 23% í febrúar eftir 10,6% fjölgun í janúar og 11,3% fækkun í desember. Fækkun gistinguáttanna á gistiheimilum hefur á undanförunum misserum verið nokkuð meiri en fækkun gistinguáttanna á hótélum.

Faraldurinn mun koma inn með mun meiri þunga í marstölum


Miklar ferðatakmarkanir hafa verið teknar upp víða um heim núna í marsmánuði bæði innan landa en einnig hvað varðar millilandaflug. Það má því búast við mun meiri áhrifum á tölur ferðaþjónustunnar í mars en var nú í febrúar.

Aukning gistinguáttanna ferðamanna á hótélum febrúar



Aukning frá sama mánuði árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands

Fjölgun gistinguáttanna erlendra ferðamanna



Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.